**Tilkynning um keppni**

**Tilkynning um áramót 2020**

**Áramót kæna verður haldið 31. desember 2020**
**Siglingafélagið Ýmir Keppt verður á Skerjafirði og innfjörðum hans**



1. Reglur Keppt verður samkvæmt:

a. Kappsiglingareglum World Sailing 2017-2020

b. Kappsiglingafyrirmælum SÍL

c. Kappsiglingafyrirmælum mótsins

d. Keppni og samskipti í landi, sjósetningar, upptaka báta, þvottur búnaðar og notkun búningsklefa og annað fara fram með þeim opinberu takmörkunum vegna COVID-19 sem verða i gildi þegar keppnin fer fram.

e. Keppnin getur fallið niður eða verið frestað ef upp kemur neikvæð þróun í stöðu COVID-19 sýkinga.

2. Auglýsingar. Eftirfarandi takmarkanir eru á auglýsingum keppenda: Bátar gætu þurft að sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

3. Þátttökuréttur. Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL. Keppt verður í opnum flokki kæna notast er við forgjöf frá Portsmouth Yardstick. Bátar sem eru ekki listaðir í Portsmouth Yardstick fá úthlutað forgjöf frá SÍL.

4. Skráningar berist til keppnisstjórnar fyrir kl. 21:00 28. desember með tölvupósti á adalsteinn@lyfja.is Taka þarf fram nöfn keppenda, seglanúmer og bátstegund, félag sem keppt er fyrir, kennitölu og símanúmer. Að auki skal gefa upp nafn og símanúmer forráðamanns ef keppandi er yngri en 18 ára.

5. Þátttökugjald Þátttökugjald er ekkert.

6. Tímaáætlun

31. desember: Afhending/kynning kappsiglingafyrirmæla frá kl. 11:30 - 12:00

Skipstjórafundur kl. 12

Viðvörunarmerki kl. 12:55, miðað við GPS tíma hjá keppnisstjóra

Sigldar verða ein til tvær umferðir.

Ef sigldar verða 2 umferðir þá verða gefin 3 flaut 15-30 sekúndum á undan viðvörunarmerki á fyrir umferð 2.

Keppnir vera ekki ræstar ef vindur er undir 2 m/sek að meðaltali á keppnissvæði samkvæmt mælingum keppnisstjórnar, einnig verður horft til vindhraða á mælum Reykjavíkurflugvallar.

Keppnir vera ekki ræstar ef vindur fer yfir 10 m/sek að meðaltali á keppnisvæði samkvæmt mælingum keppnisstjórnar, einnig verður horft til vindhraða á mælum Reykjavíkurflugvallar. Keppnisstjórn áskilur sér réttindi til að lækka þetta mark ef hitastig fer undir 10°C og eða ef öldur eru háar að mati keppnisstjóra.

**Tilkynning um keppni**

**Tilkynning um áramót 2020**

**Áramót kæna verður haldið 31. desember 2020**
**Siglingafélagið Ýmir Keppt verður á Skerjafirði og innfjörðum hans**



Keppnir verða ekki ræstar ef skyggni kemur í veg fyrir að keppnisstjórn geti haft yfirsýn yfir keppnissvæðið.

Eftir keppni verður boðið uppá veitingar ef það verður heimilt samkvæmt sóttvarnarfyrirmælum.

7. Kappsiglingafyrirmæli verða afhent fyrir skipstjórafund og stefnt er að því að birta þau á heimasíðu SÍL daginn áður.

8. Keppnissvæði. Keppt verður á Skerjafirði og innfjörðum hans ef veður og hitastig leyfir.

9. Keppnisbraut verður lýst í kappsiglingafyrirmælum og eða á skipstjórnarfundi.

10. Stigakerfi. Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum.

11. Verðlaun. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin.

12. Verðlaunaafhending fer fram í félagsheimili Ýmis strax og úrslit verða ljós að lokinni keppni.

13. Ábyrgð. Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

14. Frekari upplýsingar fást hjá Aðalsteini, keppnisstjóra, í síma 693 2221 eða með tölvupósti á adalsteinn@lyfja.is